

Borgarstjórn
5. febrúar

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um að listaverkæign Listasafns Reykjavíkur verði gerð sýnilegri í skólum og stofnunum borgarinnar

Lagt er til að listaverkæign Listasafns Reykjavíkur verði gerð sýnilegri í skólum borgarinnar í þeim tilgangi að efla áhuga nemenda á menningu og listum. Safnstjóra Listasafns Reykjavíkur verði falið að koma á samstarfi við skóla- og frístundasvið og þess gætt við útfærslu verkefnisins að haft verði samstarf við skólastjóra og kennara. Jafnframt er lagt til að verk Listasafns Reykjavíkur verði sýnilegri í öðrum stofnunum borgarinnar í þeim tilgangi að sem flestir geti notið þeirra fjölda verka sem eru í eigu borgarinnar. Skoðað verði að koma upp sérstökum sýningum á safnaeigninni og á einstökum verkum eftir atvikum í skólum og stofnunum borgarinnar.